

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Hörkutólið Baldvin Baldursson prýðir forsíðu Fréttabréfs stéttarfélaganna að þessu sinni. Hann starfar hjá Eimskip á Húsavík. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Fulltrúar frá Alþjóðahúsi í heimsókn

Einar Skúlason framkvæmdastjóri Alþjóðahúss og Anna Guðný Guðmundsdóttir sem starfar hjá Alþjóðahúsi á Akureyri funduðu nýlega með formanni Framsýnar og sveitarstjóra Norðurbings um málefni nýbúa á svæðinu. Til stóð að fulltrúar frá Pingeyjarsveit og Skútustaðahrepp tækju þátt í fundinum en þeir komust ekki vegna anna. Aðalefni fundarins var að fara yfir stöðu og móttöku nýbúa

frá öðrum löndum og hugsanlegt samstarf aðila á þessu sviði. Heimamenn gerðu meðal annars grein fyrir verkefni sem þeir hafa unnið að og miðast við að auðvelda fólki af öðru þjóðerni að aðlagast samfélaginu í Pingeyjarsýslum. Fundurinn var vinsamlegur og fram kom áhugi hjá öllum aðilum að kanna möguleikana á nánara samstarfi

Góðir skóla- og námskeiðsstyrkir

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum styrkja fullgilda félagsmenn sem sækja námskeið eða stunda nám með vinnu. Styrkirnir koma frá fræðslusjóðum sem félögin eiga

aðild að. Einnig er hægt a sækja til viðbótar um sérstaka námsstyrki frá félögunum sjálfum. Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Skólastjórnendur

Starfsmenn stéttarfélaganna eru ávallt tilbúnir að heimsækja skólana með fræðslu um atvinnulífið og hlutverk stéttarféлага. Fræðslan

er ætluð nemendum skólanna. Ef áhugi er fyrir hendi, vinsamlegast hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.



Einar og Anna Guðný frá Alþjóðahúsi voru mjög jákvæð fyrir frekara samstarfi að málefnum nýbúa í Pingeyjarsýslum.



Rínar Þórarinnsson er mikill öðlingur en hann starfar hjá Fjallalambi á Kópaskeri en þar hefur verið mikið að gera fyrir jólabátidina enda vörur fyrirtækisins mjög vinsælar á borðum landsmanna.



Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir ferð til Noregs í haust. Tilgangur ferðarinnar var að fræðast um réttindi og skyldur launafólks í Noregi miðað við gildandi kejarasamninga og reglur á Íslandi. Auk þess stóð sendiráð Íslands fyrir móttöku í sendiráðinu fyrir gestina frá Íslandi. Framsýn bauðst að senda tvo fulltrúa í kynnisferðina og fór formaður félagsins ásamt Kristrínu Sigrýggisdóttur sem er stjórnmáður í Framsýn í Noregsferðina. Að sögn þeirra var kynnisferðin mjög gagnleg og fræðandi. Hér er Kristrín ásamt Friðriki eiginmanni Sigrídar Dínna sem er sendiberra Íslands í Noregi.



Steinn Pálsson og Guðný Edda Gísladóttir starfa í Íþróttahúsinu á Langum en þar er einnig rekin glæsileg sundlaug sem reist var fyrir unglingslandsmót UMFÍ sem haldið var á Langum fyrir fáeinum árum.

Opnunartími í vetur

Skrifstofa stéttarfélaganna verður opin frá kl. 08:00 - 17:00 í vetur. Opið er í hádeginu.

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | www.vh.is



Sigmundur Þorgrímsson verkstjóri hjá Norðurþingi er með langan og farsælan starfsferil hjá sveitarfélaginu Norðurþingi, áður Húsavíkurbæ. Hér er hann að leita eftir einhverju sem er undir yfirborði jarðar hugsanlega olíu eða gulli fyrir sveitarfélagið, hver veit á þessum krepputímum.

Velferðarmál til umræðu

Framsýn-stéttarfélag stóð að fundi um miðjan nóvember ásamt Félagsþjónustu Norðurþings, Þekkingarsetri Þingeyinga og Rauða krossinum með ýmsum fulltrúum sem koma að velferðarmálum í Þingeyjarsýslum. Markmið fundarins var að ræða stöðuna sem upp er komin í íslensku þjóðfélagi og hugsanleg áhrif hennar á velferð íbúa svæðisins. Ljóst er að atvinnuleysi hefur aukist mjög hratt undanfarnar vikur og hópur fólks er auk þess með uppsagnarbréf upp á vasann. Þá liggur fyrir að skuldir fjölskyldna hafa hækkað umtalsvert í efnahagsástandinu og fyrirséð er að verðbólga mun íþyngja mörgum heimilum, ekki síst hjá barnafólki. Fundurinn var málefnalegur og vel sóttur. Yfir 30 manns tóku til máls

á fundinum sem sýnir best hvað málefnið snertir marga. Mjög góður andi var ríkjandi þrátt fyrir að efni fundarins hafi verið grafalvarlegt. Margar góðar hugmyndir komu fram á fundinum sem samþykkt var að vinna úr. Flestir sem tóku til máls lýstu yfir ánægju með boðun fundins og var jafnframt einhugur meðal þeirra að leggja sitt að mörkum til að bregðast við þeim vanda sem blasir við á komandi mánuðum. Samþykkt var að setja upp stýrihóp sem í eiga sæti fulltrúar frá Framsýn-stéttarfélagi, Félagsþjónustu Norðurþings, Þekkingarsetri Þingeyinga, Rauða krossinum og Vinnumálastofnun. Stýrihópnum er ætlað að halda utan um verkefnið.



Fulltrúar frá sveitarfélögum, fjármálastofnunum, skólum, öðrum fræðsluadílum, stéttarfélögum, Völsungi, vinnumálastofnun og velferðarstofnunum funduðu í fundarsal stéttarfélaganna. Þar voru einnig prestar af svæðinu, lögregluvarðstjóri og sjálfstjórnarformaður Þingeyinga.

Býrð þú við óvissu?

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum vilja hvetja félagsmenn til að leita upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna hafi þeir spurningar varðandi réttarstöðu þeirra s.s. starfskjör, starfsöryggi eða

lífeyrissjóðsréttindi á þeim erfiðu tímum sem við erum að upplifa um þessar mundir. Starfsmenn eru jafnframt tilbúnir að mæta á vinnustaði eða heim til fólks verði óskað eftir því.

Menn verða ekki sjálfkrafa félagsmenn

Rétt er að ítreka að menn verða ekki sjálfkrafa félagsmenn þrátt fyrir að þeir greiði til félaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna. Samkvæmt lögum þurfa menn að

ganga formlega í félögin. Hægt er að nálgast eyðublað á Skrifstofu stéttarfélaganna eða á heimasíðu félaganna www.framsyn.is

Kósý kvöld á Stórutjörnum

Starfsfólk Stórutjarnaskóla gerðu sér glaðan dag í lok nóvember en þá komu þau saman og borðuðu matarmikla súpu sem Aðalheiður Kjartansdóttir tendraði fram og hlustuðu auk þess á speki ræðumanna sem beðnir voru um að flytja starfsmönnum boðskap. Fyrst fór þó Ólafur skólastjóri Arngrímsson nokkrum orðum um skólastarfið. Síðan var komið að ræðumönnum kvöldsins sem voru

Tryggvi Harðarson sveitarstjóri Þingeyjarsveitar og Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar. Tryggvi fjallaði um starfsemi sveitarfélagsins á víðum grunni en Aðalsteinn fór nokkrum orðum um atvinnumál, ástandið í þjóðfélaginu og spáði auk þess í framtíðina. Létt var yfir mönnum enda var kvöldið hugsað sem kósý kvöld og allt krepputal bannað.



Starfsfólk Stórutjarnaskóla áttu saman notalega kvöldstund. Kvöldið nefndu þeir kósý kvöld. Formaður Framsýnar var ræðumaður á skemmtikvöldinu.



Aðalheiður Kjartansdóttir stóð sína vakt í eldhúsinu og tendraði fram góða súpu.



Vel fylgst með stöðunni. Fulltrúar frá Framsýn-stéttarfélagi, Fjölskylduhjónustu Norðurlþings, Þekkingarsetri Þingeyinga, Vinnumálastofnum og Rauða krössinum hittast vikulega og fara yfir stöðuna á svæðinu og ræða úrræði fyrir atvinnuleitendur þar sem sjfellt fleiri verða atvinnulausir á starfssvæði þessara aðila sem kallar á samstöðu heimamanna að bregðast við þeim vanda sem blasir við.

Hljýjar kveðjur frá Færeysjum

Íslendingum hafa borist hlýjar kveðjur frá talsmönnum verkafélags í Færeysjum. Þar óska þeir Íslendingum velfarnaðar í baráttu þeirra við að rétta við efnahagaástandið á Íslandi þjóðinni til heilla. Hér kemur brot úr bréfi sem formanni Framsýnar barst frá Georg F. Hansen sem verið hefur varaformaður Færeyska verkamannasambandsins.

Hey Aðalsteinn vinurinn, eg vil ynskja tær og öllum íslendingum, allt það besta í hesari sváru tíð, vit

og allir færoyingar, fylgja við sorg við, hvussu það gongur í Íslandi, nú "kapitalistarnir" skaða land tykkara og pengar og partabróv falla í virði.

Íslenska bróðratjóð okkara stendur okkum nær, vit gleðast tá það gongur tykkum gott, tá það gongur illa, föla vit við tykkum, men vit vita at tit reisa tykkum aftur.

Við vinarkvøðu
Georg F Hansen

Bolfiskvinnsla hafin á Þórshöfn

Þriðjudaginn 4. nóvember 2008 hófst bolfiskvinnsla hjá Ísfélagi Vestmannaeyja á Þórshöfn. Nokkuð er um liðið frá því að bolfiskur var unnin á Þórshöfn en þá var það í Hraðfrystistöð Þórshafnar.

Fréttabréfinu barst meðfylgjandi mynd af starfsemiinni sem Elfa Benediktsdóttir tók. Fleiri myndir er hægt að sjá á heimasíðu Langanesbyggðar, www.langanesbyggd.is



Vinnustaðafundur á Hvammi

Fulltrúar Framsýnar funduðu með starfsmönnum Hvamms, heimili aldraðra um stöðu kjaramála en samningur starfsmanna við Hvamm var laus um síðustu mánaðamót. Fundurinn samþykkti að ganga til viðræðna við Hvamm um nýjan kjarasamning en stjórnendur Hvamms höfðu þá þegar samþykkt að vísa kjarasamningsgerðinni

til Launaneftdar sveitarfélaga. Trúnaðarmaður starfsmanna ásamt fulltrúum Framsýnar hafa síðan þá unnið að því að ganga frá kjarasamningi við Launaneftdina. Þess er vænst að viðræður klárast á næstu dögum. Hægt er að fylgjast með stöðu viðræðna á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.



Þessi mynd er tekin þegar starfsmenn Hvamms streymdu á vinnustaðafund sem stéttarfélagið Framsýn stóð fyrir um kjaramál.



Tveir góðir stínga saman nefjum á fundi Framsýnar með starfsmönnum Hvamms, þeir eru Pétur Helgi Pétursson og Hafliði Jósteinsson.



Trúnaðarmenn Framsýnar fóru nýlega í heimsókn í Englasafn Sigurgeirs á Ytri-Neslöndum sem er ótrúlega tilkomumikið safn og er bær með skorad á alla Íslendinga að skoða safnið. Við það tækifæri afbendi formaður Framsýnar safninu að gjöf frá félaginu kr. 80.000,-. Stefánía Stefánsdóttir veitti gjöfinni móttöku fyrir hönd safnsins og þakkaði vel fyrir. Safnið heitir í höfuðið á Sigurgeiri Stefánsyni sem lést af slýsörum í október 1999. Sigurgeir var félagsmaður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur sem nú ber nafnið Framsýn-stéttarfélag.

Desemberuppbót 2008

Almennt skal greiða desemberuppbót eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma. Full desemberuppbót miðast við að félagsmaður hafi verið í fullu starfi allt árið. Þeir sem eru í hlutastarfi eða störfuðu tímabundið á árinu skulu fá greitt hlutfallslega.

Desemberuppbót árið 2008 fyrir félagsmenn í Framsýn- stéttarfélagi, Þingið og Starfsmannafélagi Húsavíkur er eftirfarandi:

Framsýn- stéttarfélag

Félagar á almenna markaðnum (ekki hjá ríki eða sveitarfélögum) kr. 44.100

Félagar í verslunum og á skrifstofum(ekki hjá ríki eða sveitarfélögum)
Desemberuppbót er kr. 50.000

Félagar sem starfa hjá sveitarfélögum

Desemberuppbót er kr. 63.366 (Þeir sem voru ráðnir fyrir 29. maí 2005 fá desemberuppbót sem nemur 50% af mánaðarlaunum).

Félagar sem starfa hjá ríkisstofnunum

Desemberuppbót er kr. 44.100

(Þeir sem voru við störf á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga fyrir 4. apríl 2004 skulu þó eiga rétt á kr. 61.000,- í desemberuppbót).

Félagsmenn sem starfa hjá Meðferðarheimilinu Árbót
Desemberuppbótin er kr. 63.366

Félagsmenn sem starfa hjá Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík

Desemberuppbótin er kr. 44.100 (Þeir sem voru ráðnir fyrir 1. maí 2004 fá desemberuppbót sem nemur 50% af mánaðarlaunum).

Þingið

Desemberuppbót er kr. 44.100

Starfsmannafélag Húsavíkur

STH félagar sem starfa hjá sveitarfélögum
Desemberuppbót er kr. 63.366 (Þeir sem voru ráðnir fyrir 29. maí 2005 fá desemberuppbót sem nemur 50% af mánaðarlaunum).


STH félagar sem starfa hjá ríkisstofnunum

Desemberuppbót er kr. 44.100 (Þeir sem voru ráðnir fyrir 1. maí 1997 fá desemberuppbót sem nemur 50% af desemberlaunum).

Fundað hjá ríkissáttasemjara

Samninganefnd Framsýnar- stéttarfélags hefur undanfarið fundað með fulltrúum frá Launaneftnd sveitarfélaga og hafa flestir fundirnir farið fram í Karphúsinu. Að sögn Aðalsteins formanns Framsýnar

hafa viðræðurnar verið vinsamlegar og góðar líkur eru á að viðræðurnar klárast í þessari viku. Þess má geta að kjarasamningar starfsmanna sveitarfélaga féllu úr gildi um síðustu mánaðamót.



Fulltrúar Framsýnar, Ósk Helgadóttir, Snæbjörn Sigurðarson og Aðalsteinn Á. Baldursson eru hér ásamt nýskráðum ríkissáttasemjara, Magnúsi Péturssyni í karphúsinu þegar kjaraviðræður voru í gangi milli félagsins og Launaneftndar sveitarfélaga.



Trúnaðarmenn Framsýnar sem starfa hjá sveitarfélögum eru hér á undirbúningsfundi fyrir fund með Launaneftnd sveitarfélaga. Um 270 félagsmenn Framsýnar starfa hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu.

Starfsmenn á námskeiði í sálræni skyndihjálp

Starfsmenn stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum fengu Sigríði Jónsdóttur hjúkrunarfræðing og leiðbeinanda hjá Rauðakrossinum til að halda námskeið fyrir starfsmenn í sálrænum eftirköstum áfalla og mannlegum stuðningi. Sigríður fór

vel yfir þá þætti sem skipta miklu máli í samskiptum við fólk sem orðið hefur fyrir áföllum af ýmsum toga. Starfsmenn voru mjög ánægðir með námskeiðið enda mikið álag á starfsmönnum stéttarfélaganna þessa dagana.



Sigríður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur MSc var leiðbeinandi á námskeiðinu.

Dagbækur

Félagsmenn geta nálgast minnisbækur/ dagbækur og dagatöl fyrir árið 2009 á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta hringt á skrifstofuna og fengið dagbækurnar og dagatölin send til sín í pósti. Minnisbókinni og dagatölunum er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | www.vh.is

Trúnaðarmannanámskeiðið gekk vel

Framsýn stóð fyrir trúnaðarmannanámskeiði á Hótel Reyhlið í nóvember. Hluti af kennslunni fór þó fram í húsnæði Jarðbaðanna og var vel hugsað um fólkið á námskeiðinu. Kennarar voru Sigurlaug B. Gröndal verkefnastjóri hjá Mími-símenntun og Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar. Alls tóku 17 trúnaðarmenn þátt í námskeiðinu sem flestir eiga það sameiginlegt að hafa verið kjörnir nýlega trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum. Segja má að trúnaðarmannanámskeiðið hafi verið haldið á réttum tíma því mikið álag hefur verið á mörgum trúnaðarmönnum að

undanförnu vegna uppsagna og samdráttar hjá fyrirtækjum sem þeir starfa hjá. Á námskeiðinu var farið yfir störf trúnaðarmanna, starfsemi stéttarfélaga, vinnurétt og kjarasamninga. Næsta trúnaðarmannanámskeið er áætlað í apríl á næsta ári. Trúnaðarmennirnir fóru einnig í skoðunarferð um sveitina og komu m.a. við í Vogafjösi, Fuglasafni Sigurgeirs á Yrti-Neslöndum og enduðu svo ferðina með því að fara í Jarðböðin. Full ástæða er til að þakka Ólöfu Hallgríms í Vogafjösi og Stefaníu Stefáns í Fuglasafni Sigurgeirs fyrir frábærar móttökur.



Alls tóku 17 trúnaðarmenn Framsýnar þátt í trúnaðarmannanámskeiði sem félagið stóð fyrir í Mýratnssveit í síðustu viku í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu.

Efnahagsmál til umræðu

Formaður VG, Steingrímur J. Sigfússon og varapeningmaður flokksins Björn Valur Gíslason voru nýlega á ferð á Húsavík. Þeir komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna og ræddu við formann Framsýnar-stéttarfélags m.a. um efnahags- og

byggðamál. Að sögn Aðalsteins er alltaf ánægjulegt þegar þingmenn og ráðmenn þjóðarinnar líta við á skrifstofunni til að ræða málin og skiptast á skoðunum um landsmálin.



Steingrímur J., Aðalsteinn og Björn Valur fóru yfir stöðuna og bjóðu allir að sjálfsögðu lausnir á efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er að eigin sögn.

Þjónusta við atvinnuleitendur verði bætt

Stjórn Framsýnar hefur krafist þess í bréfi til Vinnumálastofnunar að hún auki þjónustu við atvinnuleitendur á svæðinu þegar í stað. Ástæðurnar séu ljósar þar sem allt stefni í að atvinnuástandið fari mjög versnandi á komandi mánuðum og jafnvel árum. Efnahagsástandið sé þannig í dag að erfitt sé að spá í framhaldið, það er hvað niðursveiflan kemur til með að vara lengi. Framsýn hefur eðlilega miklar áhyggjur af stöðunni enda berast félaginu nánast daglega uppsagnir á félagsmönnum og þá hafa þó nokkur fyrirtæki boðað niðurskurð með því t.d. að draga úr starfshlutfalli starfsmanna með tilheyrandi tekjuskurðingum fyrir þá. Ástandið er því ekki glæsilegt. Framsýn leitar nú allra leiða til að bregðast við vandanum. Einn liður í þeirri áætlun er að hvetja Vinnumálastofnun til að auka nú þegar þjónustu við atvinnuleitendur í Píngeyjarsýslum. Frá því að Vinnumálastofnun opnaði

skrifstofu á Húsavík árið 2000, sem heyrir undir svæðisskrifstofu Vinnumálastofnunar á Akureyri, hefur verið hálft til eitt stöðugildi á Húsavík. Eftir að atvinnuástandið lagaðist fyrir nokkrum árum var starfið skorið niður úr fullu starfi í hálft starf. Félagið telur mikilvægt í ljósi aðstæðna að Vinnumálastofnun auki þegar í stað þjónustu við atvinnuleitendur á svæðinu með því að auka stöðugildið í fullt starf. Auk þess verði komið upp starfi ráðgjafa fyrir atvinnuleitendur í Píngeyjarsýslum. Þessu ráðgjafahlutverki hefur fram að þessu verið sinnt frá Akureyri. Í bréfi Framsýnar til Vinnumálastofnunar óskar félagið jafnframt eftir góðu samstarfi við stofnunina með það að markmiði að bregðast við þeim mikla vanda sem blasir við fjölmörgum starfsmönnum fyrirtækja/stofnana í Píngeyjarsýslum.

FSH óskar eftir samstarfi

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur óskað eftir formlegu samstarfi við Framsýn-stéttarfélag um sérstaka braut fyrir fólk sem misst hefur vinnuna síðustu vikur og mánuði. Framsýn hefur tekið erindinu mjög vel og óskað eftir að Vinnumálastofnun komi einnig að verkefninu. Á fundi aðila var ákveðið að hefja vinnu við að undirbúa námsleiðina með það að markmiði að námið geti hafist í byrjun næsta árs. Námsleiðin mun taka mið af

þörfum og kröfum markhópsins. Næsti fundur um verkefnið hefur verið boðaður 18. desember en þá er forstjóri Vinnumálastofnunar, Gissur Pétursson væntanlegur til Húsavíkur. Það er von samstarfsaðila að atvinnuleitendur taki þessum hugmyndum fagnandi hendi, því hvað er betra en að nýta tímann í atvinnuleysi til að mennta sig enn frekar?



Jónína Hermannsdóttir starfsmaður Framsýnar og Vinnumálastofnunar er hér ásamt Gunnari Baldurssyni aðstoðarskólameistara Framhaldsskólans á Húsavík. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson tók einnig þátt í fundinum.

Framsýn ályktar um efnahagsmál

Framsýn-stéttarfélag hefur fundað stíft undanfarið um stöðu mála enda hefur verið mikil óvissa í gangi varðandi stöðu mála og ástandið í þjóðfélaginu. Félagið ályktaði nýlega um málið:

„Framsýn-stéttarfélag hvetur til samstöðu meðal þjóðarinnar um að takast á við þann mikla efnahagsvanda sem blasir við almenningi á Íslandi. Hrun efnahagslífsins mun koma illa við marga, ekki síst verkafólk, ellilífeyrisþega og öryrkja. Framsýn hefur sérstakar áhyggjur af stöðu þessa fólks á þessum miklu óvissutímum.

Félagið telur mikilvægt að allir hlutaðeigandi aðilar komi að því að endurreisa íslenskt efnahagslíf sem byggir á jöfnuði og félagshyggju í stað þeirrar miklu misskiptingar sem verið hefur ríkjandi undanfarin ár. Misskiptingu sem nú hefur kallað yfir okkur gjaldþrot heimila, fyrirtækja og bankastofnanna.

Ljóst er að styrkja þarf stöðir atvinnulífsins til að forða stóráuknu atvinnuleysi á næstu mánuðum og árum. Í því sambandi er mikilvægt að tekið verði á skuldastöðu fyrirtækja og samþykkt verði þegar í stað að auka við fiskveiðikvótann til að skapa aukna atvinnu og þar með gjaldeyri fyrir þjóð í vanda. Þá

þarf að hraða framkvæmdum við uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík eins og kostur er þar sem slík aðgerð myndi hjálpa verulega til þess að rétta þjóðarskútuna við á ný.

Framsýn telur eðlilegt að þeim mönnum sem bera ábyrgð á því hvernig komið er fyrir íslensku efnahagslífi og hampað hefur verið undanfarin ár af ákveðnum öflum í þjóðfélaginu verði gert að standa fyrir gjörðum sínum. Þeir hafa í gegnum tíðina varið ofurlaun og svimandi háa starfslokasamninga með þeim rökum að þeir bæru svo mikla ábyrgð. Undir þessum áróðri hefur verkafólk með um 100.000 krónur á mánuði orðið að sitja. Nú er hins vegar komið að skuldadögum þar sem eðlilegt hlýtur að teljast að þessir sömu menn axli ábyrgðina í samræmi við launakjör.

Þá er það skýlaus krafa Framsýnar að stjórnmöld tryggji lífeyrissparnað almennu lífeyrissjóðanna með sama hætti og lífeyrisjóði opinberra starfsmanna. Í þeim efnahagsþrengingum sem við stöndum frammi fyrir í dag má fastlega búast við að sjóðfélagar almennu lífeyrisjóðanna þurfi að taka á sig skerðingar meðan réttindi sjóðfélaga í opinberu sjóðunum eru varin af ríkinu“.



Gunnar Jóhannsson og Heiða Tryggva fá sér hér kaffidreitill milli verka en þau starfa bæði í Borgarbólsskóla á Húsavík.

Uppsagnir og samdráttur á vinnumarkaði

Töluvert hefur verið um uppsagnir á félagssvæði stéttarfélaganna á síðustu dögum og vikum. Vitað er um 100 starfsmenn sem misst hafa vinnuna að undanförunu, þar af tæplega 70 starfsmenn í sveitarfélaginu Norðurþingi. Þá er vitað til þess að starfsmenn á nokkrum vinnustöðum á Húsavík hafa verið beðnir um að taka á sig launalækkunar og/eða skerðingar á vinnutíma. Um er

að ræða fólk í byggingariðnaði, heilbrigðisþjónustu og hjá verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Þá eru það mikil vonbrigði að hætt hafi verið við að bora áfram eftir orku á Kröflusvæðinu í vetur. Fjölmargir aðilar á svæðinu hafa haft töluverða vinnu við að þjónusta Jarðboranir við verkefnið. Miklar líkur eru því á að þessi neikvæða þróun haldi áfram næstu mánuðina, því miður.



Grimur Kásson starfsmaður Jarðborana og trínaðarmaður starfsmanna fer hér yfir rétt starfsmanna við ráðningarslit en 8 starfsmönnum fyrirtækisins sem unnið hafa við boranir á Kröflusvæðinu var sagt upp störfum fyrir nokkurn. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera félagsmenn í Framsýn.

Vinnustaðaheimsóknir

Vinnustaðaheimsóknir Fulltrúar Framsýnar fara reglulega í vinnustaðaheimsóknir. Nýlega voru þeir á ferð í Bárðardal þar sem Leikskólinn í Kiðgali í Bárðardal var heimsóttur. Þar starfa tveir starfsmenn, Ásta og Sigrún og gæta 5 til 7 barna að jafnaði. Auk þess halda þær úti heimasíðu um

starfseminu sem er 123.is/bardargil. Það var gott að koma í Kiðgali enda alltaf góður andi í Bárðardalnum. Til viðbótar má geta þess að starfsmenn Framsýnar verða á ferðinni næstu vikurnar og munu koma víða við á vinnustöðum í Pingeyjarsýslum en félagssvæðið er mjög stórt eða um 18% af landinu



Ásta, Sigrún og Heiðrún eru með bressari konum á Íslandi. Ásta og Sigrún starfa í leikskólanum en Heiðrún var í heimsókn þegar fulltrúi Framsýnar leit við og fékk kaffi og með því, hjá starfsmönnum skólans.



Adalsteinn formaður Framsýnar og Snæbjörn starfsmaður félagsins eru hér með einum ungverskum starfsmanni Jarðborana en bonum hefur nú verið sagt upp störfum og varð hann atvinnulaus um síðustu mánaðamót. Starfsmenn stéttarfélaganna hafa gert allri sem í þeirra valdi stendur til að verja stöðu og réttindi fólks við ráðningarslit og hafa félagsmenn almennt verið ánægðir með aðkomu félagsins að þeirra málum.

Mikil vinna lögð í undirbúning

Framsýn-stéttarfélag fór í fundaherferð í október um félagssvæðið. Tilgangur fundanna var að kalla fram kröfur starfsmanna sveitarfélaga vegna komandi kjaraviðræðna við Launaneftnd sveitarfélaga. Allir fundirnir sjö að tölu voru mjög góðir og málefnalegir. Í kjölfar fundanna var tilnefnd 7 manna

samninganefnd sem ætlað var að móta endanlega kröfugerð Framsýnar f.h. starfsmanna sveitarfélaga. Samninganefndin hefur undanfarnar vikur staðið í viðræðum við Launaneftnd sveitarfélaga um nýjan kjarasamning. Hér koma nokkrar myndir sem teknar voru í fundaherferðinni.



Kynningarfundur um Endurhæfingarsjóð

Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Endurhæfingarsjóðs samtaka atvinnulífsins var á Húsavík fyrir nokkru og fundaði með fulltrúum stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum. Endurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag endurhæfingar í kjarasamningum sem undirritaðir voru 17. febrúar 2008. Hlutverk sjóðsins er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Undirbúningur að faglegri vinnu og uppbyggingu á sjóðnum hófst í ágúst 2008 og er nú unnið að því þessa dagana að móta og undirbyggja starfsemina. Stefnt er að því að taka fyrstu skrefin í þjónustu við launafólk í byrjun árs 2009. Stéttarfélögin hafa óskað eftir góðu samstarfi við sjóðinn með það að markmiði að hann bjóði upp á þjónustu við félagsmenn í Pingeyjarsýslum með ráðningu á starfsmanni þegar eftir áramótin. Endurhæfingarsjóðurinn hefur tekið beiðni félaga vel og mun á næstu vikum ákveða með hvaða hætti sjóðurinn telur best að þjónusta launafólk um land allt.



Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Endurhæfingarsjóðs samtaka atvinnulífsins var á Húsavík fyrir nokkru og fundaði með fulltrúum stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum. Hér er hún með Jónasi frá Þingöð og Snæbirni og Jónínu frá Framsýn. Formaður Framsýnar tók einnig þátt í fundinum.

Erlendir starfsmenn áhugasamir um íslenskunám

Nýverið stóð Framsýn-stéttarfélag og Þekkingarsetur Pingeyinga fyrir kynningarfundum meðal erlendra starfsmanna á Húsavík. Annar slíkur fundur var haldinn utan Húsavíkur með erlendum starfsmönnum. Farið

var yfir starfsemi Framsýnar og þau íslenskunámskeið sem verða í boði á haustönninni á vegum Þekkingarsetursins. Um 30 manns komu á kynningarfundinn og skráðu flestir sig á námskeiði í vetur.



Snæbjörn kjörinn í stjórn LÍV

26. þing Landssambands Íslenskra verslunarmanna sem fram fór á Akureyri í haust en fyrri hlutinn var haldinn í Reykjavík 2. nóvember 2007. Fjölmennt var á þinginu sem haldið var á Hótel KEA. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir var endurkjörin formaður sambandsins. Á þinginu voru einnig samþykktar ýmsar lagabreytingar m.a. að fækka stjórnarmönnum úr 11 í 7. Snæbjörn Sigurðarson formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks Framsýnar-stéttarfélags Pingeyinga var meðal þeirra sem kjörinn var í stjórn sambandsins.

Í ljósi mikilla breytinga á uppbyggingu sambandsins vegna sameininga félaga var tekin ákvörðun um að fækka í stjórn en að samhliða verða formannafundum fjölgað. Með breytingunni er stefnt að því að fá fleiri sjónarmið upp á borð sambandsins félagsmönnum til hagsbóta.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir ákvað að gefa kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður sambandsins og var hún endurkjörin með dynjandi lófataki þingfulltrúa.



Snæbjörn Sigurðarson er kominn í stjórn LÍV.

Vinnustaðafundur á Laugum

Forsvarsmenn Framsýnar-stéttarfélags fóru víða í sumar og komu við á fjölmörgum vinnustaðum á félagssvæðinu. Þeir stóðu m.a. fyrir vinnustaðafundi á Fosshótel Laugum þar sem þessi mynd er tekin. Félagið leggur mikið upp úr því að vera sjáanlegt á vinnustaðum

og fundar því reglulega með starfsmönnum á félagssvæðinu. Fundurinn á Laugum var árangurrikur og fjölmargar spurningar komu frá starfsmönnum á fundinum til forsvarsmanna félagsins sem þeir leituðust við að svara eftir bestu getu.



Súpufundur með Gylfa

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar stóð nýlega fyrir fundi um efnahags- og atvinnumál. Sérstakur gestur fundarins var Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands sem hélt erindi á fundinum um efnahags- og kjaramál. Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar var einnig með erindi um atvinnu- og byggðamál og komu þeir félagar víða við. Að erindunum loknum urðu líflegar umræður og lýstu fundarmenn

miklum áhyggjum af núverandi stöðu efnahagsmála og þeirri stöðu sem upp er komin varðandi kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins en að öllu óbreyttu eru forsendur þeirra brostnar. Að loknum fjörugum umræðum var fundarmönnum boðið upp á súpu og brauð, þó ekki naglasúpu. Gylfi hefur nú verið kjörinn forseti ASÍ og óska stéttarfélögin honum velfarnaðar í starfi.



Formaður messar yfir Framsókn

Sameiginlegur fundur þingflokks Framsóknarflokksins og landstjórnar flokksins fór fram á Húsavík fyrir nokkrum vikum. Framsóknarmennirnir notuðu auk þess tækifærið og heimsóttu m.a. fyrirtæki og stofnanir á Húsavík auk fulltrúa Norðurlþings. Þá buðu þeir formanni Framsýnar að flytja erindi á fundinum sem haldinn var á veitingastaðnum Sölku. Þar

fjallaði Aðalsteinn um atvinnu- og byggðamál á svæðinu. Fundarmenn þokkuðu Aðalsteini fyrir erindið um leið og hann óskaði eftir góðum stuðningi frá Framsóknarflokki varðandi uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík og við önnur þau verkefni s.s. Vaðlaheiðagöng sem gætu orðið svæðinu til framdráttar á komandi árum.



Það er ekki alltaf logn á Rauðarhöfn. Svava Árnadóttir stjórnarmaður í Framsýn og Tómas Sigurðsson hafnarvörður og trúnaðarmaður starfsmanna Norðurlþings á Rauðarhöfn koma hér til fundar á vegum Framsýnar á Rauðarhöfn.

Samið við Fjallalamb hf.

Fulltrúar Framsýnar-stéttarfélags gengu frá nýjum kjarasamningi við Fjallalamb í haust um kaup og kjör starfsmanna í slátruhúsi fyrirtækisins á Kópaskeri. Samningurinn tryggir starfsmönnum mun betri kjör en kveðið er á um í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Í haust var slátrað um 30 þúsund fjár hjá fyrirtækinu. Verkunin á kjötinu hefur sjaldan verið betri og vænleiki dilka

sjaldan verið meiri eða rúmlega 16 kg í meðalpunga. Tæplega 60 starfsmenn störfuðu hjá fyrirtækinu við slátrunina, þar af um 40 erlendir starfsmenn. Flestir þeirra komu frá Svíþjóð, Þýskalandi, Póllandi og Nýja Sjálandi. Töluvert er um að sömu erlendu starfsmennirnir komi ár eftir ár til starfa við sauðfjárslátrun á Kópaskeri.



Þessir ungu menn veltu ýmsu fyrir sér varðandi samninginn þegar hann var kynntur fyrir starfsmönnum.

Framsýn sigraði að sjálfsögðu

Í lok ágúst fór fram Firma- og bærjarkeppni hestamannafélagsins Þjálf. Mótið fór fram á Einarstöðum í Reykjadal og tóku fjölmargir hestamenn þátt í mótinu sem tókst í alla staði mjög vel enda mikið um góða gæðinga í Pingeyjarsýslum. Sigurvegari varð Marinó Aðalsteinsson á Flautu

frá Syðra-Fjalli sem keppti fyrir Framsýn-stéttarfélag. Marinó kom við eftir mótið á skrifstofu Framsýnar og afhendi félaginu veglegan bikar sem félagið mun varðveita í eitt ár eða þar til næsta mót verður haldið. Það má því með sannni segja að Framsýn sé ávalt í fyrsta sæti!!!



Marinó Aðalsteinsson var sigursæll á firmamóti hestamannafélagsins Þjálf sem fram fór 23. ágúst á Einarstöðum.

Bændur ath.

Bændasamtök Íslands og Starfsgreinasamband Íslands hafa gengið frá kjarasamningi fyrir landbúnaðarverkamenn. Framsýn-

stéttarfélag er aðili að samningnum. Hægt er að nálgast samninginn á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Góður fundur um atvinnumál á Kópaskeri

Samtökin "Landsbyggðin lífi" stóð fyrir fundi um byggða- og atvinnumál á Kópaskeri. Frummælendur á fundinum voru formaður Framsýnar-stéttarfélags Aðalsteinn Á. Baldursson, Gunnar Jóhannesson frá Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga

og Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri Norðrúpings. Að sögn Aðalsteins var fundurinn mjög góður. Eftir framsögur voru almennar umræður um stöðu mála og horfur í atvinnumálum Pingeyinga.



Kjarasamningur við Landssamband smábátæigenda

Þann 8. júlí sl. var undirritaður kjarasamningur milli Starfsgreinasambandsins og Landsambands smábátæigenda, fyrir starfsfólk í ákvæðisvinnu við beitningu. Þetta er í fyrsta sinn sem samið er fyrir þennan hóp launafólks. Með samningnum

eru tryggð sambærileg réttindi og í kjarasamningi Starfsgreinasambandsins við Samtök atvinnulífsins. Samningurinn hefur verið samþykktur af báðum aðilum. Hægt er að nálgast samninginn á skrifstofu stéttarfélaganna.



Ert þú atvinnulaus?

Framsýn-stéttarfélag stendur að opnu húsi ásamt öðrum fyrir atvinnuleitendur í Setrinu, Árgötu 12, 640 Húsavík þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga milli 10 og 12. Boðið er upp á kaffi og spjall. Markmiðið er m.a. að rjúfa

félagslega einangrun, viðhalda virkni og fyrirbyggja slæmar afleiðingar sem atvinnuleysi getur mögulega haft í för með sér. Rétt er að hvetja atvinnuleitendur til að nýta sér þessa þjónustu.

Stöndum saman!

Ef þú veist um einhvern sem á erfitt um jólin og vantar mat eða fatnað eða ef þú stendur sjálf/ur í þessum sporum endilega hafðu þá samband við Aðalsteinn á Skrifstofu stéttarfélaganna. Stéttarfélögin

eru í góðu sambandi við nokkur velferðarsamtök sem vilja láta gott af sér leiða með aðstoð til þeirra sem eiga erfitt um jólin.

Stéttarfélögin leggja sitt að mörkum til samfélagsins

Eitt af markmiðum stéttarfélaganna er að láta gott af sér leiða til samfélagsins. Þessu markmiði hafa stéttarfélögin í Pingeyjarsýslum haldið á lofti t.d. með stuðningi við alls konar

verkefni og félagasamtök. Félögin hafa m.a. lagt aðilum til húsnæði undir mismunandi starfsemi. Tökum dæmi....



Listamaðurinn Sigurður Hallmarsson er með vinnustofu í húsnæði stéttarfélaganna.



Félagar í Tafffélaginu Goðanum koma reglulega saman og tepla í fundarsalnum.



Ungar mömmur á Húsavík koma saman einu sinni í viku og raða sín mál, sérstaklega barnauppheldi.



Söngskóli Guðna Braga er í fundar aðstöðu stéttarfélaganna og er mjög góð þátttaka í skólanum. Að sögn Guðna eru margir efnilgir krakkar í skólanum.

Félagsmenn ath.

Búið er að prenta flesta nýja kjarasamninga og launatöflur. Vinsamlegast hafið samband við

Skrifstofu stéttarfélaganna ef þið viljið eignast kjarasamninginn eða launatöflu.

Viltu viðhalda réttindum í atvinnuleysi?

Til að viðhalda réttindum hjá stéttarfélögum þurfa menn sem starfa víða um land. Þá er mjög algengt að fólk sem flytur af svæðinu leiti upplýsinga um það hvort þau geti haldið áfram að greiða til félagsins og bera fyrir sig rétti þeirra um frjálsa félagaðild. Þá ríkir almenn ánægja með þjónustu og starfsemi félagsins sem menn vilja halda í og opinberar

frá fæðingarorlofssjóði þegar þeir eru í fæðingarorlofi. Vinsamlegast leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna ef eitthvað er óljóst.

Mikil ásókn í Framsýn

Starfsfólk Framsýnar hefur orðið var við óvenju mikinn áhuga fólks sem hefur val um í hvaða félag það greiðir að fá inngöngu í Framsýn-stéttarfélag. Þetta eru launþegar sem starfa víða um land. Þá er mjög algengt að fólk sem flytur af svæðinu leiti upplýsinga um það hvort þau geti haldið áfram að greiða til félagsins og bera fyrir sig rétti þeirra um frjálsa félagaðild. Þá ríkir almenn ánægja með þjónustu og starfsemi félagsins sem menn vilja halda í og opinberar

skoðanakannanir staðfesta. Þess má geta að skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík er opin 9 tíma á dag eða lengur en aðrar skrifstofur stéttarfélaganna á Íslandi. Stjórn félagsins tók málið upp á fundi í nóvember þar sem farið var yfir málið. Samþykkt var að opna félagið en frekar fyrir þá aðila sem falla undir lög félagsins og kjarasamninga, þó þannig að það skarist ekki á við lög Alþýðusambands Íslands.

Stéttarfélögin halda sínu striki

Þrátt fyrir mikla óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem mun m.a. örugglega draga verulega úr tekjum stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík hafa félögin ákveðið að halda sínu striki og lækka ekki styrki til félagsmanna eða draga úr þjónustu við félagsmenn. Að sjálfsögðu munu stjórnir félaganna fylgjast vel með framvindu mála og bregðast við telji þau ástæðu

til þess. Fjármunir félagsins hafa verið geymdir á öruggum innlánsreikningum í bönkum þannig að félögin hafa ekki orðið fyrir tapi á innlánsreikningum. Hins vegar búast félögin við verulegum samdrætti í iðgjöldum s.s. félagsiðgjalda og greiðslna í sjúkra- og orlofssjóð félagsins sem fylgir samdrætti í atvinnulífínu og auknu atvinnuleysi meðal félagsmanna.

STH semur við sveitarfélögin

STH semur við sveitarfélögin Í lok nóvember var undirritaður kjarasamningur milli Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Launaneðndar sveitarfélaga um kaup og kjör starfsmanna sveitarfélaga. Stafsmannafélag Húsavíkur er aðili að samningnum sem er með gildistíma frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009.

Meðal þess sem samið var um var að allir launaflokkar hækka um 20.300.- kr þann 1. desember auk þess eru eingreiðslur sem samþykktar voru á launamálaráðstöfnu sveitarfélaga á árinu 2006 settir inn í launatöfluna.

Réttur vegna veikinda barna var aukinn, samið var um aðild sveitarfélaga að endurhæfingarsjóði og vægi starfsmenntunar verði endurskoðað. Starfsmannafélagið boðaði til félagsfundar um kjarasamninginn í síðustu viku á Sölku. Í lok fundar var boðið upp á súpu og brauð. Kjarasamningurinn er nú í atkvæðagreiðslu.

Samninginn í heild sinni má nálgast á heimasíðu samflotsins www.samflot.is

Jólakveðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum
sinum og fjölskyldum þeirra, öðrum
Þingeyingum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag
Húsavíkur
Verkalýðsfélag
Þórshafnar*

Þingið

Takk fyrir frábærar móttökur



Pann
1. maí
2008
sameinuðust

Verslunarmannafélag
Húsavíkur og Verka-
lýðsfélag Húsavíkur og
nágrennis undir nafninu
Framsýn-stéttarfélag. Félagið fékk
frábært start því Þingeyingar troðfylltu
íþróttahöllina á Húsavík þar sem sameining
félaganna var staðfest endanlega. Það er von
stjórnenda Framsýnar að félagið komi til með að eflast
enn frekar með hagsmuni að leiðarljósi. Ljóst er að Framsýn
tekur við góðu búi þar sem forveri félagsins Verkalýðsfélag Húsavíkur
og nágrennis var samkvæmt skoðanakönnunum eitt virtasta stéttarfélag landsins
meðal félagsmanna.

Framsýn-stéttarfélag

Jólaboð stéttarfélaganna

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum verða með opið hús laugardaginn 13. desember frá kl. 14:00 til 18:00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti auk þess sem tónlistarmenn, jólasveinar og kórar munu koma fram með skemmtiatriði. Allir velkomnir.

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Þingið*



Sjómenn!

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar-stéttarfélags verður haldinn mánudaginn 22. desember 2008 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Mikilvægt er að sjómenn láti sjá sig á fundinum. Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar.

Framsýn-stéttarfélag



Jólagleði

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG HÍNGEYINGA



Veitingastaðurinn Salka stendur fyrir jólagleði á Fosshótel Húsavík 26. desember í samstarfi við Framsýn-stéttarfélag og félagsmiðstöðina Kelduna. Þá munu Ingó og veðurguðirnir spila fyrir börn og unglunga sem fædd eru 1991 til 1995. (8,9,10 bekk og 1,2 bekk í FSH). Ballið stendur í tvo tíma það er frá kl. 21:00 til 23:00. Aðgangseyrir er aðeins kr. 500,-

Frábær verðlaun í boði

Peir sem skila inn krossgátunni sem er í blaðinu til Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir 23. desember fara í pott sem dregið verður úr eftir lokun skrifstofunnar þann 23. desember kl. 17:00. Veglegir vinningar eru í boði. Rétt er að geta þess að þátttakendur geta einnig faxesað krossgátuna til skrifstofunnar á faxnúmerið 464-6601. Hægt verður að nálgast úrslitin á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is eftir úrdráttinn.

Jólaskemmtun styrktartónleikar Samhljóms.

Hin árlega Jólaskemmtun Samhljóms styrktarfélags verður haldin á Fosshótel Húsavík Sunnudaginn 14. desember kl 16:00.

Fram koma:

Hjálmar og Peir! (Hjálmar Ingimarsson, Guðni Bragason, Sigurður Illugason, Jón Gunnar Stefánsson, Gunnar Illugi Sigurðsson) ásamt frábærum gestum: Ína Valgerður Pétursdóttir, Pálmi Óskarsson, Bylgja Steingrímsdóttir, Kristján Halldórsson, Halla Marín Hafþórsdóttir, Daniel Borgþórsson, Valdís Jósefsdóttir og félagar úr Karla klúbbum Sófíu.

Tónlist, Getraunir, Spurningakeppni milli bæjarhluta og margt fleira skemmtilegt, vegleg verðlaun í boði. Kaffi, kakó og smákökur á meðan á skemmtun stendur.

Komum og eigum góða stund saman fyrir Jólin og styrkjum gott málefni.

Aðgangseyrir 1000.- kr

Stjórn Samhljóms

Góðar gjafir í Esar!

Jóla-gjafakörfur – Jóla-ostakörfur – Jóla-nammikörfur

Þú getur valið í þína körfu við pökkum og skreytum.

Jólaskreytingar – Hýasintuskreytingar – Kertaskreytingar

Gjafavörur, servéttur, kerti, kertahöldur, greni og ýmislegt annað fallegt.

Í Esar fá eldri borgarar, 67 ára og eldri 10 % afslátt af garni og gjafavöru!

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á árinu 2009

Pökkum viðskiptin á liðnum árum.
Jólakveðja



Opið:

Laugardaginn 13. des til kl. 18:00

Laugardaginn 20. des. til kl. 22:00

Þorláksmessa 23. des til kl. 23:00

ÉG HEF næstum því
ALLAN TÍMANN Í
HEIMINUM
FYRIR ÞIG

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálefyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þeirfr viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

SPARISJÓÐUR

Sparisjóður Suða-Híngeyinga | Fosshótel | Reykjavík | Húsavík | Kjarna | Sími 464 6200



SPARISJÓÐUR
SUÐUR HÍNGEYINGA



			⚡	KRÖFT-UGAR	FÐÐI	⚡	⚡	'ABATI' 'AHÖLD	KEYR VARBANDI	LISTAR	'ATT
			→				↓ EIT LYF				
			BOR SÖLGINN			SAXA TALA			✓		
GLEÐI	↓	EINS STELPA HAKAR			SKRILL FLANA						HYLUR
↳						FA'T FISK EINSUMR SVAR				→	
⚡	↓ N ST UR A								KYRRÐ SLAG		
MÖÐGAR GNÐFA							↓ MÖÐUR	✓		HARMUR HÁVABA TIL	
↳					RAUÐA FORM HIRSLAN						ELSKAR ENGINN TÖNN
SÁÐLAND FRÁSÖGN MÖGL		✓				✓			'ATT LOTNING		
↳					ÓKUNNUR SKRÐINN ATHUGA		↓ BOLV				
KADALL ÓREGIAN			DUÐL HEIMTING GAN					KJAFTUR RENGT ILÁT			
↳						GLÓFILEIKI HIAUP HEIBUR					✓
SJÖR FET				→		✓			DRYKK NOLA	✓	
⚡	TOTA DAGLEIÐ KUK- FUGL					→					
⚡		SVEI' DUGLEGGUR OFN					→				
EYTT SVEIJA SÖÐN					→		✓	✓		→	
KRÖÐAR			✓	✓						✓	✓
⚡		GÓMA BIT KIDRA			→			→			
								RAUÐI			